

19. SEPTEMBER
2024

HARPA
ELDBORG

Lise de la Salle leikur Liszt

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka

Tumblebird Contrails 12'

Píanókoncert 18'

Sinfónía 40'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Lise de la Salle leikur Liszt

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 19. SEPTEMBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Antonio Méndez
hljómsveitarstjóri

Lise de la Salle
einleikari

Gabriella Smith

Tumblebird Contrails (2014)

Franz Liszt

Píanókonsert nr. 1 í Es-dúr, S. 124 (1855)

Allegro maestoso

Quasi adagio

Allegretto vivace – Allegro animato

Allegro marziale animato

Hlé

Antonín Dvořák

Sinfónía nr. 7 í d-moll, Op. 70, B. 141 (1885)

Allegro maestoso

Poco adagio

Scherzo: Vivace – Poco meno mosso

Allegro

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Antonio Méndez

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Spænski hljómsveitarstjórinn Antonio Méndez fæddist árið 1984 í Palma á Mallorca og lagði þar stund á píanó- og fiðlunám á unga aldri. Síðar hélt hann til Madridborgar þar sem hann lærði tónsmíðar og hljómsveitarstjórn við Real Conservatorio Superior de Música. Að loknu því námi fluttist Méndez til Þýskalands árið 2007 og lauk prófum í hljómsveitarstjórn frá Listaháskólanum í Berlín og Franz Liszt-tónlistarháskólanum í Weimar. Méndez vann 2. verðlaun í hinni virtu Nikolai Malko-keppni í Kaupmannahöfn árið 2012 og vakti þar með alþjóðlega athygli. Árið eftir komst hann svo í úrslit í hinni virtu hljómsveitarstjórakeppni í Salzburg.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Antonio Méndez stjórnað mörgum nafntoguðum hljómsveitum víða í Evrópu og Bandaríkjunum. Þeirra á meðal eru Tonhalle-hljómsveitin í Zürich, Konzerthaus-hljómsveitin í Berlín, Sinfóníuhljómsveit Vínarborgar, Sinfóníuhljómsveit bæheimska útvarpsins, Fílharmoníusveitin í Rotterdam, Mahler-kammersveitin og Fílharmoníusveitin í Los Angeles. Méndez tók við stöðu aðalstjórnaða Sinfóníuhljómsveitarinnar á Tenerife árið 2018. Hann hefur einnig stjórnað nokkrum óperuuppfærslum, þar á meðal Ariadne af Naxos eftir Richard Strauss á Tónlistarhátíð Kanaríeyja, Madama Butterfly eftir Puccini í Óperunni í Palma á Mallorca og Ástardrykknum eftir Donizetti í Óperuhúsinu á Tenerife. Hljóðritun hans hjá Berlin Classics með Útvarpshljómsveitinni í Stuttgart hlaut Echo Klassik-verðlaunin en auk þess hefur hann hljóðritað með Skosku kammersveitinni fyrir Linn-útgáfufyrirtækið.

Antonio Méndez hefur tvisvar sinnum áður stjórnað Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í fyrra skiptið, sem var í apríl 2016, stjórnaði hann flutningi á flautukonsert Jacques Ibers, Rapsodie espagnole eftir Ravel og 8. Sinfóníu Dvořáks, og í seinna skiptið, í febrúar árið 2019 þegar verk eftir Atla Heimi Sveinsson, Sergej Prokofjev og Johannes Brahms voru á efnisskránni.



Lise de la Salle

EINLEIKARI

Franski píanóleikarinn Lise de la Salle kom fyrst fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2010 þegar hún var aðeins 21 árs að aldri. Hún lék þá tvo af helstu píanókonserterum 20. aldarinnar undir stjórn Ilans Volkov og hlaut mikið lof fyrir.

Lise de la Salle fæddist í Cherbourg í Normandí árið 1988 og hóf píanónám aðeins fjögurra ára gömul. Þegar hún var níu ára spilaði hún á tónleikum sem útvarpað var á Radio France og ellefu ára hóf hún nám í Tónlistarháskólann í París og var yngsti nemandinn sem hafði hlotið inngöngu í þann fræga skóla. Þar stundaði hún nám hjá Bruno Rigotto og naut einnig leiðsagnar Genevieve Joy Dutilleux. Ung var hún farin að vinna til verðlauna, tólf ára gömul vann hún fyrstu verðlaun í Alþjóðlegu píanókeppninni í Ettingen í Þýskalandi og fyrstu verðlaun bæði í Evrópukeppni ungra einleikara í París árið 2003 og árið eftir í Alþjóðlegri keppni ungra einleikara sem fór fram í New York. Þrettán ára kom hún fram með Sinfóníuhljómsveitinni í Avignon og lék þá píanókonsert nr. 2 eftir Beethoven og sama ár hélt hún sína fyrstu stóru tónleika í París í Louvre-safninu. Ferill hennar sem alþjóðlegur konsertpíanisti fór því snemma á flug.

Síðan þá hefur hún komið fram í öllum helstu tónleikahúsum veraldar og með þekktum hljómsveitum í Bandaríkjunum, Evrópu og víða um Asíu. Hún hefur einnig leikið undir stjórn fjölda heimsþekktra stjórnenda. Hún hefur ánægju af því að kenna masterklassa og gerir það gjarnan þar sem hún heldur tónleika.

Lise de la Salle hefur hljóðritað fyrir frönsku útgáfuna Naïve og hafa útgáfur hennar hlotið einróma lof og verið verðlaunaðar.



Tónlistin á Íslandi

Tónlist Gabriellu Smith hefur ekki áður hljómað á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands en hún hefur verið flutt víða um lönd hin síðustu ár.

Gabriella Smith

TUMBLEBIRD CONTRAILS


Upphafsverk tónleikanna, *Tumblebird Contrails* eftir bandaríska tónskáldið Gabriellu Smith (1991) var pantað af Pacific Harmony Foundation árið 2014 og frumflutt sama ár. Titillinn er undir áhrifum frá bandaríska rithöfundinum Jack Kerouac, hann hefur enga sérstaka merkingu en nær samt að fanga anda verksins.

Gabriella Smith byrjaði að læra á fiðlu sjö ára gömul og var farin að semja tónlist skömmu síðar. Auk tónlistarinnar hefur hún lengi haft mikinn áhuga á líffræði, vistfræði og náttúruvernd og hún varði fimm árum sem sjálfbóðaliði við að rannsaka fuglasöng í Point Reyes-þjóðgarðinum í Kaliforníu.

Gabriella Smith leggur áherslu á gleðina í tónlistinni og nýtur þess að rannsaka hljóm og möguleika hljóðfæranna. Hún leitast við að skapa tónheim undir áhrifum frá náttúruhljóðum og að draga áheyrendur inn í hljóðlandslag innblásið af umhverfinu og náttúrunni. Hún leggur mikla áherslu á að verk hennar vekji áhuga fólks á loftslagsmálum sem eru henni afar mikilvæg.

Tumblebird Contrails er samið undir áhrifum frá augnabliki sem hún upplifði á bakpokaferðalagi í Point Reyes-þjóðgarðinum. Hún sat í sandinum í flæðarmálinu og hlustaði á hinn ótrúlega hljóðheim Kyrrahafsins. Hún lýsir síðan öllum þeim hljóðum sem hún heyrir: mávagarg, sog öldunnar, þyturinn í briminu, snarkið í sandinum og lágt hljóðið í froðunni sem myndast á útsoginu. Smám saman kviknar sérstakur hljóðheimur með sérstakri áferð og flæði, við heyrum hrafnagarg og sjáum þar fyrir ofan förin eftir þoturnar sem þær teikna á himininn í sífellu.

Tumblebird Contrails hefur verið flutt víða um heim á síðustu árum, m.a. af Konunglegu sænsku fílharmóníusveitinni á tónleikum Nóbelsverðlaunahátíðarinnar í Stokkhólmi á síðasta ári, undir stjórn Esa-Pekka Salonen.



Franz Liszt

PÍANÓKONSERT NR. 1 Í ES-DÚR

Franz Liszt (1811–1886) var ótvírætt einn mesti píanósnillingur síns tíma og reyndar má segja að hann hafi verið fyrsta súperstjarna tónlistarheimsins. Áheyrendur flyktust á tónleika hans og barist var um hluti sem hann hafði átt eða snert. Svo langt gekk þetta að hugtakið Lisztomania varð til. Ferill hans sem konsertpíanisti var samt furðu stuttur þar sem hann hætti tónleikahaldi á hátindinum aðeins 36 ára gamall og sneri sér að fullum krafti að tónsmíðum auk þess sem hann stjórnaði hljómsveitum og kenndi á meðan honum entist líf og heilsa.

Liszt kom með ýmsar nýjungar inn í tónleikahaldið. Hann færði flygilinn inn á mitt svið, spilaði án nótna og flutti verk frá ólíkum tímabilum, allt frá Bach til ýmissa samtímatónskálda. Hann var einnig fyrstur til að halda masterklasa þar sem nemendur eru æfðir í að koma fram og spila fyrir aðra.

Píanókonsert nr. 1 var lengi í smíðum og það sama má segja um seinni konsertinn hans. Helstu stefin eru frá árinu 1830 og smíð hans var að mestu lokið árið 1849 en einhverjar breytingar voru gerðar árið 1853. Konsertinn var frumfluttur af Liszt sjálfum árið 1855 undir stjórn vinar hans Hector's Berlioz.

Aðalstef konsertsins er kynnt af hljómsveitinni strax í upphafi og píanóið kemur fljótlega inn með miklar flugeldasýningar eins og Liszt einum er lagið. Þetta gerist í raun nokkuð oft í konsertinum, hljómsveitin kynnir stef sem píanóið tekur upp, glansar og vinnur úr stefinu. Eitt af einkennum konsertsins er mikið rubato, þ.e. rytminn er talsvert breytilegur og píanóið tekur sér þann tíma sem er nauðsynlegur til að línurnar njóti sín.

Konsertinn er í fjórum köflum, sem er óvenjulegt fyrir konserta á 19. öld og er yfirleitt fluttur sem ein samhangandi heild. Konsertformið er hér nýtt mjög hugvitsamlega og samspil einleikshljóðfærisins og hljómsveitarinnar er hér einstaklega skemmtilegt.

Tónlistin á Íslandi

Píanókonsert nr. 1 eftir Franz Liszt hefur nokkrum sinnum verið fluttur af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í fyrsta skipti hljómaði hann í Þjóðleikhúsinu árið 1954 þegar Gísli Magnússon var við flygilinn og Olav Kielland stjórnaði. Næst, eða árið 1967, lék Halldór Haraldsson einleikspartinn undir stjórn Páls Pampichlers Pálssonar. Verkið hefur tvívegis verið leikið á útskriftartónleikum Tónlistarskólans í Reykjavík og Sinfóníunnar, fyrst af Jónasi Sen undir stjórn Páls Pampichlers Pálssonar árið 1980 og árið 1991 var Arinbjörn Árnason einleikari undir stjórn Bernharðs Wilkinssonar.



Antonín Dvořák

SINFÓNÍA NR. 7

Þegar Antonín Dvořák (1841–1904) heyrði 3. sínfóníu Brahms fylltist hann samstundis löngun til að semja sjálfur nýja sínfóníu og hófst handa í desember árið 1884. Skömmu síðar pantaði Konunglega fílharmóníufélagið í London af honum sínfóníu í tilefni þess að hann hafði verið kjörinn heiðursfélagi. Dvořák var þegar innblásinn af nýjum hugmyndum og var fljótur að ljúka verkinu. Hann ákvað strax að verkið skyldi vera innlegg hans í Þjóðernisbaráttu Tékkna þótt pöntunin kæmi frá London. *Sínfónía nr. 7 í d-moll* var svo frumflutt þar í borg í apríl árið 1885.

Tónlistin á Íslandi

Sínfónía nr. 7. eftir Dvorak hefur oft verið flutt af af Sínfóníuhljómsveit Íslands. Fyrst á tónleikum í Háskólabíói árið 1964 og svo sjö sinnum nokkuð reglulega fram að aldamótum. Hún var síðast flutt árið 2010 undir stjórn Pietari Inkinen.

Antonín Dvořák fæddist í litlum bæ skammt frá Prag en Tékkland var þá hluti af Austurrísk-ungverska keisaradæminu. Fyrsta hljóðfæri hans var fiðla og fljótlega kom í ljós að hann var miklum hæfileikum gæddur og var settur til frekara tónlistarnáms. Þegar hann var 16 ára gamall og hafði viðrað óskir um að gera tónlistina að ævistarfi fór faðir hans þess á leit að hann helgaði sig orgelinu enda taldi hann að þannig væri líklegast að sonurinn gæti séð sér farborða. Hann lauk því námi frá Orgelskólanum í Prag. Á meðan á því námi stóð vann Dvořák fyrir sér með fiðluleik í hljómsveitum á veitingahúsum og dansleikjum. Hann fékk ekki organistastöðu strax að námi loknu en hélt áfram að leika í hljómsveitum sem komu fram í leikhúsum og óperuuppfærslum og náði þeim frama að spila í bráðabirgðahljómsveit við bæheimska leikhúsið í Prag. Sú hljómsveit lék meðal annars á tónleikum helguðum tónlist Richards Wagner, undir stjórn Wagners sjálfs. Hann hætti í hljómsveitinni árið 1871 til að geta sinnt tónsmíðum af krafti og fékk loks stöðu sem organisti.

Dvořák sogaði til sín áhrif úr ýmsum áttum, fyrst frá Vínarklassíkinni, síðan frá þýsku nýrómantíkinni og upp úr þrítugu má segja að hann hafi fundið sitt persónulega tónmál enda farinn að einbeita sér að tónsmíðum fyrir alvöru á þeim tíma. Á árunum 1878–1880 tók hann að veita áhrifum frá Þjóðlegri tónlist heimahaganna inn í tónsköpun sína. Sjálfur hafði hann alla tíð verið umkringdur þessari tónlist og

aukin þjóðerniskennd og vakning í samfélaginu hafði ekki síður áhrif í þá átt. Á árunum upp úr 1880 tók hróður hans svo að berast víða um lönd, meðal annars til Englands og verk hans voru flutt víða um Evrópu.

Sinfónía nr. 7 í d-moll, op. 70 B.141 er bæði einstaklega ljóðræn og tignarleg og ber mörg einkenni tónskáldsins. Hún er auk þess talsvert dramatísk, og dekkri og ágengari en verkin frá tímabilinu þar á undan þegar áhrifa þjóðlagatónlistar tók fyrst að gæta. Hér eru þau ekki eins áberandi en þó má glögglega heyra þeim bregða fyrir, ekki síst í hægum og ljóðrænum hlutum sinfóníunnar. Yfirskrift fyrsta kaflans er *Allegro maestoso* eða hraður og tignarlegur og takturinn vísar í lest sem rennur inn á lestarstöðina í Prag, full af leikhúsgestum á leið á tónlistardagskrá sem tileinkuð er baráttunni fyrir frelsi Tékklands. Þessir fyrstu taktar setja því tóninn fyrir það sem á eftir kemur og hér má einnig sjá að verkinu fylgir ákveðið „prógram“. Næsta kafla, *Poco adagio* eða fremur hægur, nefndi Dvořák „frá sorglegu árunum“ og vísar til þess að á þeim tíma missti hann bæði móður sína og elsta barnið sitt – en kaflinn tengist einnig hugleiðingum hans um föðurlandið. Hann hefst hægur og fagur en umrót og ringulreið sækir á og glögglega má heyra áhrif þjóðlegrar tónlistar. Í þriðja kafla, *Scherzo, vivace*, og enn fremur fjórða kafla, *Allegro*, birtist sá kraftur og staðfesta sem býr með tékknesku þjóðinni. Öll sinfónían er því óður til Tékklands og andóf við viðmóti sem Tékkar mættu oft á þessum tíma. Dvořák varð sjálfur fyrir því að verkum hans var hafnað í Austurríki vegna þjóðernis hans og þegar kom að því að gefa verkið út vildi þýskur útgefandi hans hvorki borga honum almennilega fyrir né prenta tékkneska útgáfu skírnamafns hans á kápuna.

Á árunum 1892–1895 starfaði Dvořák í Bandaríkjunum þar sem hann samdi nokkur sinna þekktustu verka; 9. sinfóníuna eða Nýja heiminn, sellókonsertinn og strengjakvartett nr. 12 í F-dúr op. 96, nefndur Ameríski kvartettinn. Hann fluttist aftur til Tékklands árið 1895 og lést þar árið 1904, 63 ára að aldri.

Ingibjörg Eypórsdóttir

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Laura Liu
Joanna Bauer
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Laufey Jensdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Sólveig Vaka Eypórsdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Anton Miller
Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Ingrid Karlsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ragnheiður Ingunn
Jóhannsdóttir
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þóriris
Guðrún Þórarinsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Urh Mrak
Guðný Jónasdóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Sigríður Hjördís Indriðadóttir
Steinunn Vala Pálsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Vivian Kung

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Steef van Oosterhout
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

10.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Sigrún leikur Brahms

Sigrúna Eðvaldsdóttir þarf vart að kynna fyrir tónleikagestum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún hefur verið konsertmeistari hljómsveitarinnar frá 1998 og er sá einleikari sem hefur oftast komið fram með henni. Sigrún hefur verið eftirsóttur fiðluleikari allt frá því að hún lauk námi og hefur m.a. leikið í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í London.

Á þessum tónleikum leikur Sigrún hinn yndisfagra og tilfinningaþrungna fiðlukonsert Brahms, sem hefur fylgt henni lengi en Sigrún segir sjálf: „Ég segi alltaf að tónlist Brahms geri alla að betri manneskjum.“

Á tónleikunum leikur hljómsveitin einnig forleik eftir Grażyna Bacewicz. Hún var eitt helsta tónskáld Póllands um miðja 20. öldina og fyrsta konan frá Póllandi til þess að vekja heimsathygli fyrir tónsmíðar sínar. Lokaverk kvöldsins er Íslandsfrumflutningur á annarri sífóníu austurríska tónskáldsins Thomasar Larcher. Sinfóníuna samdi Larcher til minningar um flóttafólk sem hefur druknað síðustu ár í Miðjarðarhafinu.

17.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Mozart og Schumann

Líkt og svo mörg tónverka Roberts Schumann á fjórða sífónían sér djúpar og ástríðufullar rætur í einkalífi tónskáldsins. Hann hóf að semja hana skömmu eftir langþráð brúðkaup sitt og Clöru Wieck og fékk hún frumgerð verksins í 22 ára afmælisgjöf. Á þessum tónleikum er það einn fremsti hljómsveitarstjóri Tékklands, Tomáš Hanus, sem stýrir þessu öndvegisverki, en Hanus er aðalhljómsveitarstjóri þjóðaróperunnar í Wales og steig síðast á svið í Eldborg fyrir réttu ári.

Einleikari í fjórða hornkonserti Mozarts er Stefán Jón Bernharðsson, leiðari horndeildar Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Stefán Jón er eftirsóttur á erlendri grundu og er reglulega boðið að vera gestaleiðari hjá erlendum hljómsveitum. Þetta verður í fyrsta sinn sem konsertinn hljómar í heild sinni á tónleikum hljómsveitarinnar en verkið er bæði hávirtúósíkt og fullt af innlegum, dillandi húmor, ekki síst í hinu fræga, leikandi skemmtilega lokarandói.

Tónleikarnir hefjast á Tónlist fyrir strengi, slagverk og selestu eftir Béla Bartók þar sem úthugsuð pólýfónía, kraftmikil þjóðlagastef og dulúðug næturtónlist hljóma í bland.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

2024 | 2025

Sinfóníuhljómsveit Íslands fagnar 75. starfsári sínu með sérlega glæsilegri og fjölbreyttri dagskrá í allan vetur.

Með áskrift að tónleikaröð eða Regnbogakorti tryggir þú þér besta miðaverðið og öruggt sæti. Sala korta stendur nú yfir á **sinfonia.is** og í miðasölu Hörpu.

Leyfðu þér að hrífast með.

75
ÁRA

